STARFSÁÆTLUN
SUNNUHLÍÐAR

Frístundaheimili Skóla Ísaks Jónssonar
2026–2027



1. Um Sunnuhlíð

Sunnuhlíð er frístundaheimili Skóla Ísaks Jónssonar fyrir börn í 1.–4. bekk. Frístundin tekur við þegar skóladegi lýkur og býður börnum öruggt, hlýlegt og skapandi umhverfi þar sem þau fá svigrúm til frjáls leiks, samveru, hreyfingar, sköpunar og fjölbreyttra viðfangsefna.

Starfsáætlunin byggir á fyrri starfsáætlun Sunnuhlíðar og faglegum viðmiðum um frístundaheimili. Meginhlutverk frístundaheimilis er að bjóða innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem val barna og frjáls leikur eru ríkjandi. Velferð og hagur barna eru leiðarljós í öllu starfi.

2. Leiðarljós Sunnuhlíðar

Leiðarljós Sunnuhlíðar er að hvert barn fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Frístundin er mikilvægur hluti af degi barnsins en hefur jafnframt aðra sérstöðu en formlegt skólastarf. Þar á barnið að fá tíma til að vera, leika, velja, skapa, mynda tengsl og taka þátt á eigin forsendum.

- Leikur og val: börn skulu fá raunverulegt svigrúm til frjáls leiks og vals um viðfangsefni.
- Vinátta og félagsfærni: við leggjum metnað í að markvisst sé stutt við jákvæð samskipti, samkennd og tilheyrandi.
- Sjálfsefling: börn fá tækifæri til að takast á við áskoranir, sýna frumkvæði og upplifa eigin styrkleika.
- Sköpun og forvitni: fjölbreyttur efniviður, smiðjur og verkefni hvetja til hugmyndaflugs og tjáningar.
- Heilbrigði og vellíðan: hreyfing, útivera, hvíld, næring og jákvæður staðarbragur skal styðja við vellíðan.
- Lýðræði og þátttaka: börn fá að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á skipulag og þróun starfsins.

3. Markmið starfsins

Í Sunnuhlíð er unnið að því að:

- börnum líði vel, séu örugg, glöð og finni að þau tilheyri hópnum;
- efla félagsfærni, vináttu, samvinnu og virðingu í samskiptum;
- styrkja sjálfsmynd, sjálfstæði, ábyrgð og frumkvæði barna;
- tryggja að börn hafi val og raunveruleg áhrif á viðfangsefni og umhverfi frístundarinnar;
- gefa frjálsum leik ríkulegt rými og tíma;
- bjóða fjölbreytt skapandi, hreyfitengd og félagsleg viðfangsefni sem taka mið af áhuga og þroska barna;
- tryggja jafna þátttöku og stuðning við börn með ólíkar þarfir;
- byggja upp gott samstarf við foreldra, kennara og annað starfsfólk skólans.

4. Barnið í miðju starfsins

Vellíðan, vinátta og félagsfærni

Frístund er mikilvægur vettvangur vináttu og félagslegra samskipta. Starfsfólk fylgist með líðan og stöðu barna í hópnum, styðjum börn við að mynda tengsl og grípur inn í þegar vart verður við útilokun, stríðni eða önnur neikvæð samskipti.

Rödd barna og lýðræði

Börn eru virkir þátttakendur í Sunnuhlíð. Reglulega er leitað eftir hugmyndum þeirra um leiki, smiðjur, efnivið, útiveru og viðburði. Á skólaárinu verður þróað einfalt fyrirkomulag í gegnum nemendafélagið þar sem börn geta komið hugmyndum sínum á framfæri og fengið upplýsingar um hvað verður úr þeim.

5. Dagskipulag

Dagskipulag er rammi utan um starfið en þarf jafnframt að gefa börnum svigrúm til vals og samfellds leiks. Nákvæm tímasetning getur tekið breytingum eftir skipulagi skóladags og námskeiða.

Tími	Megináhersla
07:30–08:30	Morgunfrístund, róleg samvera og frjáls leikur
14:10–15:00	Móttaka, útivera og síðdegishressing
15:00–16:00	Val, frjáls leikur, smiðjur, hópastarf, útivera og námskeið
16:00–17:00	Frjáls leikur, róleg viðfangsefni og lok dags

Frá mánudegi til fimmtudags er Sunnuhlíð opin til kl. 17:00 en til kl. 16:15 á föstudögum.

6. Leikur, val og viðfangsefni

Frjáls leikur er kjarninn í frístundastarfinu. Starfsfólk skapar aðstæður þar sem börn geta sjálf þróað leik, valið sér félaga og viðfangsefni og fengið aðstoð þegar þess er þörf án þess að fullorðnir taki yfir leikinn. Samhliða frjálsum leik er boðið upp á opnar smiðjur, hópastarf, hreyfingu, útiveru og skipulögð námskeið. Skipulag húsnæðis og efniviðar á að gera ráð fyrir bæði virkni og ró. Börn þurfa að geta hreyft sig, skapað og verið í stórum hópi en einnig fundið næði og róleg viðfangsefni.

Skák og kórstarf hafa um árabil verið sterkir þættir í starfi skólans og skipa áfram mikilvægan sess í frístundastarfinu. Með þeim fá börn tækifæri til að rækta ólík áhugasvið og styrkleika. Skákin styður meðal annars við einbeitingu, rökhugsun, þrautseigju og félagsleg samskipti, en kórstarfið skapar vettvang fyrir söng, sköpun, samveru og gleði. Áhersla er jafnframt lögð á að þróa áfram fjölbreytt framboð sem tekur mið af áhuga barnanna og gefur þeim tækifæri til að prófa ný viðfangsefni. Boðið er upp á kórstarf á fyrir yngri nemendur (7ára) á miðvikudögum og eldri nemendur (8 og 9 ára) á mánudögum.

7. Tómstundaframboð og samstarfsaðilar

Skipulögð námskeið og samstarf við íþrótta-, lista- og fræðsluaðila eru viðbót við daglegt frístundastarf. Framboð getur breyst milli anna. Upplýsingar um námskeið, tíma, kostnað og skráningu eru því birtar sérstaklega fyrir hverja önn

Námskeið	Tómstundaframboð - haust 2026 - Lýsing á námskeiði	Kostnaður	Tími
Valur	Rútuferðir eru frá Ísaksskóla í Valsheimilið. Skráningar fara fram hjá Val. Foreldrar sækja börn sín eftir æfingar í Valsheimilið.	Greiðist hjá Val	2-3 x í viku
Æskusirkusinn	Börnin fá tækifæri til að læra hinar ýmsu sirkuskúnstir s.s. trúðamennsku, gripl (juggling), loftfimleika o.fl. Ath. 15 börn að hámarki í hópi. Kl 14:10-15:00. Hefst 17. september, skráning inni á https://www.sportabler.com/shop/sirkus	18.000,-	Miðvikudagur
Jóga	Í krakkajóga er gaman. Kenndar eru ýmsar jógastöður og æfingar sem styrkja jafnvægi, einbeitingu og samhæfingu. Við lærum líka einfaldar öndunaræfingar og stuttar hugleiðslur. Syngjum möntrur með hreyfingum og förum í leiki. Allir tímar enda á slökun. 8 skipti. Hópur 1 14:15-15:00. Hópur 2 15:15-16:00. Hefst 23. september. Jógakennari: Eygló Lilja Hafsteinsdóttir – skráning: eyglolilja@gmail.com	22.000,-	Miðvikudagur
Táknmál	Þegar við tölum táknmál þá notum við hendur til að tjá okkur og augu til að nema. Á haustönninni lærum við að stafa nafnið okkar og fáum okkar eigið nafnatákn. Við lærum ýmis tákn fyrir dýr, ávexti, tölur, daga og mánuði. Á hrekkjavökunni lærum við alls konar hrekkjavökutákn eins og eitur, bein og varúlfur! Einnig munum við læra að syngja nokkur jólalög á táknmáli og lærum tákn allra jólasveinanna og Grýlu og Leppalúða. Umfram allt á að vera skemmtilegt að koma í táknmálstíma. Við lærum best í gegnum leik og munum því læra táknmál í gegnum alls kyns leiki og spil eins og bingó, slönguspil, myllu, zudoku og minnisspil. Hefst fimmtudaginn 24. september kl. 14:10 í stofu 6. Námskeiðið verður í 8 skipti. Táknmálskennari: Dagný Blöndal - skráning: dagny@isaksskoli.is	20.000,-	Fimmtudagur
Forritun	Nýttu sköpunargáfuna og framkvæmdu hugmyndir þínar í spennandi forritunarsmiðju. Við ætlum að prófa og læra á ýmis konar forritunartæki og -leiki. Við ætlum að byrja á einföldum leikjum og tækjum og þróa okkur síðan áfram í forritun og leika okkur í Lego. LEGO® Education SPIKE ™ Essential Set er hannað fyrir nemendur á aldrinum 6-9 ára. Með því að sameina litríka LEGO kubba, einfaldan vélbúnað og forritunarmál sem byggt er á Scratch, styður SPIKE Essential nemendur í að hugsa á gagnrýninn hátt og leysa flókin vandamál. Frá auðveldum verkefnum til takmarkalausra skapandi möguleika á hönnun hjálpar SPIKE Essential nemendum að öðlast nauðsynlega STEAM og 21. aldar færni. Hentar öllum nemendum. 8 skipti kl 14:10 - 15:00. Skáning: kolbrun@isaksskoli.is	20.000,-	Þriðjudagur
Mudo Taekwondo	Kennari er Sigursteinn Snorrason 7. dan. Æfingarnar samanstanda af uppbyggilegum æfingum í bland við leiki. Mikil áhersla er á almenna fimi, styrk og liðleika. Einkunnarorð Mudo eru: sjálfstraust, sjálfsagi, sjálfsvörn - við búum til sterkari börn. 10 tímar, hefst 14. september. Yngri hópur 6-7 ára kl: 14:00-14:40. Eldri hópur 8-9 ára kl: 14:40-15:20. Skráning: sigursteinn@taekwondo.is	27.900,-	Mánudagur
Leynileikhúsið	Leynileikhúsið býður börn í Ísaksskóla velkomin á leiklistarnámskeið í skólanum í haust á föstudögum sem hefst 11. september. Á námskeiðinu æfa þau undirstöðuatriði leiklistar. Í lokin setja þau upp leikrit með pompi og prakt. Leiðbeinandi er Ari Freyr Ísfeld leikari. Nánari upplýsingar og skráning á leynileikhusid.is	44.000,-	Föstudagur
Kínverska	Kennari er Yabei. Kennslan byggist á leik, söng og kennslubókum á íslensku sem eru litríkar og skemmtilegar. Yngri hópur, 10 í hópi, eru frá kl 14:10-14:50. Eldri hópur, 10 í hópi, frá 15:00-15:40. Hefst 14. september. Skráning: helga@isaksskoli.is	Enginn	Mánudagur

8. Mannauður og faglegt starf

Umsjónarmaður frístundar ber ábyrgð á daglegu skipulagi og faglegri samfellu í starfinu, í samstarfi við skólastjórnendur. Verkaskipting starfsfólks skal vera skýr og starfsfólk þekkja hlutverk sitt, öryggisferla og ábyrgð gagnvart börnum.

- Reglulegir starfsmannafundir þar sem farið er yfir skipulag, barnahópinn og þróun starfsins.
- Móttaka og leiðsögn fyrir nýtt starfsfólk.
- Regluleg fræðsla um öryggi, slysavarnir, barnavernd og jákvæð samskipti.
- Starfsfólk er hvatt til að nýta styrkleika, áhugamál og sérþekkingu sína í starfinu.
- Áhersla er á jákvæð samskipti, virðingu og umhyggju í framkomu við öll börn.

9. Frístund fyrir öll börn

Sunnuhlíð er frístund án aðgreiningar. Börn eiga að hafa jöfn tækifæri til þátttöku óháð bakgrunni, getu, kyni, tungumáli eða öðrum aðstæðum. Þjónusta við börn sem þurfa sérstakan stuðning er skipulögð í samstarfi við foreldra, kennara, fagstjóra sérkennslu og aðra fagaðila.

Upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi, þátttöku og vellíðan barns skulu berast til viðeigandi starfsfólks frístundar með skýrum og öruggum hætti.

10. Samstarf skóla og frístundar

Samfella í degi barnsins er sameiginlegt verkefni skóla og frístundar. Umsjónarmaður frístundar og skólastjórnendur eiga reglulegt samráð og upplýsingaflæði er tryggt milli frístundar, kennara, sérkennslu og annarra sem koma að velferð barnsins. Þegar við á tekur umsjónarmaður þátt í teymisfundum eða öðru faglegu samráði vegna einstakra barna.

11. Foreldrasamstarf

Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar Sunnuhlíðar. Lögð er áhersla á að samskipti séu aðgengileg, hlý og skýr. Upplýsingum um dagskrá, breytingar og viðburði er miðlað reglulega og starfsfólk hefur frumkvæði að samskiptum þegar ástæða er til.

Á skólaárinu verður einnig leitað markvisst eftir sjónarmiðum foreldra um gæði og þróun starfsins, meðal annars í tengslum við innra mat.

12. Öryggi og velferð

- Viðvera og ábyrgð starfsfólks er skýr innan dyra og á skólalóð.
- Slys eru meðhöndluð samkvæmt verklagi, foreldrar upplýstir og ef tilefni er til, er slys skráð.
- Starfsfólk þekkir rýmingaráætlun og viðbrögð við alvarlegum atvikum.
- Starfsfólk þekkir tilkynningarskyldu sína vegna barnaverndarmála.
- Viðbrögð við einelti, ofbeldi, útilokun og mismunun eru skýr og samræmd við verklag skólans.
- Reglur um afhendingu barna, ferðir og útiveru eru kynntar starfsfólki og foreldrum eftir því sem við á.

13. Innra mat og umbætur

Innra mat Sunnuhlíðar er umbótamiðað. Tilgangurinn er að fá reglulega mynd af því hvað gengur vel og hvað þarf að þróa. Við matið er horft til sjónarmiða barna, foreldra og starfsfólks auk daglegra athugana og annarra gagna sem skólinn hefur aðgang að.

Á hverju skólaári er sérstaklega horft til:

- vellíðanar, öryggis og tilheyrandi barna;
- raddar barna og möguleika þeirra til að hafa áhrif;
- gæða frjálsa leiksins og raunverulegs vals;
- fjölbreytni og aðgengis að viðfangsefnum;
- foreldrasamstarfs og upplýsingaflæðis;
- faglegs samstarfs skóla og frístundar;
- fagmennsku, samstarfs og starfsþróunar starfsfólks.

14. Umbótaáætlun 2026–2027

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Mælikvarði	Tími
Efla rödd barna	Nemendafélag og regluleg hugmyndasöfnun.	Umsjónarmaður, aðstoðarskólastjóri og starfsfólk	Börn geta nefnt dæmi um áhrif sín á starfið.	Allt skólaárið
Styrkja frjálsan leik og val	Yfirfara rými, efnivið og dagskipulag; tryggja samfelldan leiktíma.	Skólastjórnendur og umsjónarmaður	Athuganir og samtöl við börn sýna aukið val og svigrúm.	Haust 2026 – vor 2027
Efla samfellu skóla og frístundar	Festa reglulegt samráð og skýrt upplýsingaflæði.	Skólastjórnendur og umsjónarmaður	Fundir haldnir samkvæmt skipulagi og starfsfólk upplifir skýrara upplýsingaflæði.	Allt skólaárið

15. Faglegur grunnur

Starfsáætlunin er unnin með hliðsjón af fyrri starfsáætlun Sunnuhlíðar, þemaheftinu „Frístundaheimili – leikur og nám á forsendum barna“, viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs og gátlista menntastefnu fyrir frístundastarf.

Starfsáætlun endurskoðuð: september 2026.